

Dómsorð:

Stefndi, Pétur Njarðvík, greiði stefnanda, Tanke Hjemgaard, kr. 44.225.00 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1946 til greiðsludags og kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. nóvember 1953.

Nr. 185/1952. **Magnús Daníelsson f. h. ófjárráða barna sinna, Áslaugar Kristínar, Jórunnar Ingi-bjargar og Jóns Sigurðar** (Jón N. Sigurðsson) gegn

Hans Rödtang (Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómamarar Hæstaréttar.

Ómerking kyrrsetningargerðar, fjárnámsgerðar og nauðungaruppboðs.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem með stefnu 9. desember 1952, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. sama mánaðar, hefur f. h. ófjárráða barna sinna skotið til Hæstaréttar héraðsdómi í máli stefnda á hendur honum ásamt eftirfarandi fjárnámsgerð og uppboðsgerð, gerir þessar dómkröfur.

1. Að héraðsdómi verði breytt á þá leið, að kyrrsetningargerð sú, sem þar ræðir um, verði úr gildi felld.

2. Að fjárnámsgerð, sem fram fór 30. apríl 1952 til tryggingar fjárkröfu stefnda á hendur áfrýjanda samkvæmt héraðsdómi svo og eftirfarandi uppboðsgerð frá 22. september 1952, verði felldar úr gildi.

3. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Héraðsdómi í máli þessu hefur einungis verið áfrýjað að því er varðar staðfestingu kyrrsetningargerðar þeirrar, er fram fór í sumarbústað við Hafravatn hinn 15. ágúst 1951,

en bústað þenna telur áfrýjandi eign ófjárráða barna sinna. Hafa ýmis ný gögn verið lögð fram hér fyrir dómi um eignarrétt að greindum sumarbústað. Af gögnum þessum er ljóst, að lóðarbletti þeim, sem hann var reistur á, var afsalað úr landi Úlfarsfells í Mosfellshreppi af eiganda þeirrar jarðar til barna áfrýjanda, þeirra Áslaugar Kristínar, Jórunnar Ingibjargar og Jóns Sigurðar, hinn 1. september 1950. Afsal þetta var fyrirfram innritað í veðmálabækur hinn 2. apríl 1952 og er á það rituð veðbandsleysing frá Búnaðarbanka Íslands, dags. 15. september 1950. Lóðarbletturinn var því eign nefndra barna áfrýjanda, þegar kyrrsetningargerðin fór fram.

Stefndi hér fyrir dómi hefur haldið því fram, að jafnvel þótt svo yrði talið, að börn áfrýjanda væru eigendur að nefndri lóðarspildu, þá væri hann sjálfur eigandi sumarbústaðarins. Um eignarrétt að honum hefur verið lagt fram vottorð frá móður áfrýjanda þess efnis, að hún hafi kostað byggingu sumarbústaðarins, að svo miklu leyti sem vinna og efni hafi verið keypt til byggingar hans, og gefið hann framangreindum sonarbörnum sínum. Hefur þessu vottorði ekki verið hnekk af stefnda. Ber því að fella kyrrsetningargerðina úr gildi, bæði að því er varðar hús og lóð.

Það athugast, að gerðarbeiðandi hafði æskt kyrrsetningar til tryggingar eigin víxli, að fjárhæð kr. 3000.00, sem áfrýjandi hafði gefið út 9. janúar 1951 til handa Búnaðarbanka Íslands eða þeim, sem hann vísar til. Gerðarbeiðandi var að vísu handhafi víxils þessa, en hann skorti hins vegar formlega lögmæta heimild til víxilsins, þar sem á hann hafði ekki verið skráð framsal frá nefndum banka. Hefði fógeti því ex officio átt að neita um framgang gerðarinnar af þessum sökum.

Hinn 30. apríl 1952 fór fram fjárnám í framangreindum sumarbústað ásamt lóð og mannvirkjum til tryggingar fjárkröfu stefnda samkvæmt héraðsdómi á hendur áfrýjanda. Eigi verður séð, að fjárnám þetta hafi verið byrjað að heimili dómfellda, svo sem gera bar, sbr. 33. gr. laga nr. 19/1887, og eigi var þá lagt fram veðbókarvottorð fyrir eignina. Stefndi lét síðan auglýsa sumarbústaðinn til sölu við uppboð og fór

uppbóðið fram hinn 22. september 1952. Var þá lagt fram veðbókarvottorð fyrir eignina, sem nefnd er „sumarhús Magnúsar Daníelssonar við Hafravatn“ og segir þar, að ekkert finnist þinglesið um eign þessa. Á uppbóðinu bauð stefndi einn í eignina og var hún slegin honum. En áður en uppbóðs-afsal væri gefið út, komu fram mótmæli gegn því fyrir hönd barna áfrýjanda, þar eð þau væru eigendur bústaðarins samkvæmt þinglesinni eignarheimild. Synjaði uppbóðshaldari stefnda því næst um útgáfu afsals að svo stöddu.

Með skírskotun til þess, sem hér að framan greinir um eignarrétt að hinum umdeilda sumarbústað, ber að fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð svo og eftirfarandi uppbóðsgerð úr gildi.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð :

Framangreind kyrrsetningargerð er úr gildi felld. Svo eru og hin áfrýjaða fjárnámsgerð frá 30. apríl 1952 og eftirfarandi uppbóðsgerð frá 22. september 1952 úr gildi felldar.

Hvor aðilja um sig beri kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. sept. 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. þ. m., hefur Hans Rödtang höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 22. ágúst þ. á., gegn Magnúsi Daníels-syni, Skúlagötu 76, hér í bæ, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 3000.00 með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins.

Ennfremur hefur stefnandi krafizt þess, að staðfest verði löghald, sem hann lét leggja á sumarbústað stefnda við Hafravatn 15. ágúst s.l. til tryggingar skuldinni.

Stefndi hefur hvorki sótt þing né sækja látið og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir ákvæðum 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 650.00.

Magnús Þ. Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreind löghaldsgerð er staðfest.

Stefndi, Magnús Danielsson, greiði stefnanda, Hans Rödtang, kr. 3000.00 með 6% ársvöxtum frá 22. ágúst 1951 til greiðsludags og kr. 650.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Kyrrsetningargerð í fógetarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 15 ágúst 1951.

Gerðarbeiðandi, Áki Jakobsson lögfræðingur, er mættur og krefst með skírskotun til framlagðra skjala, að gerðin fari fram.

Gerðarþoli Magnús Danielsson er sjálfur fjarverandi, en í réttinn kom að tilhlutan fógeta kona hans, Ingibjörg Guðmundsdóttir. Sagði hún, að sumarbústaður sá, þar sem gerðin fór fram, væri eign gerðarþola ásamt leigulandi, geymsluskúr og girðingu og krafðist gerðarbeiðandi, að löghald yrði gert í því á sína ábyrgð til tryggingar framangreindri skuldarupphæð, auk vaxta og kostnaðar.

Fógeti lýsti þá yfir, að hann legði löghald á sumarhús Magnúsar Danielssonar við Hafravatn, ásamt leigulóð, geymsluskúr og girðingu, sem allt er talið hans eign, til tryggingar víxilskuld að upphæð kr. 3000.00, auk vaxta frá 9. júlí s.l., alls áfallins kostnaðar við innheimtu, málssókn og gerð þessa, að geymdum betri rétti þriðja manns, og brýndi fyrir konu gerðarþola að eigi mætti ráðstafa eign þessari í bága við gerð þessa að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Umræddur sumarbústaður hefur ekkert nafn og ekki er vitað um númer lóðarleigusamnings, en þetta er í landi Úlfarsfells við Hafravatn.

Fjárnámsgerð í fógetarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 30. apríl 1952.

Af hálfu gerðarbeiðanda er mættur Áki Jakobsson hdl. og krefst, að gerðin fari fram.

Í húsinu er enginn, svo fógeti skipaði Hallgrím Árnason bílstjóra umboðsmann gerðarþola. Þar sem enginn var til að greiða umkrafða skuld, fór fram eftir kröfu gerðarbeiðanda fjárnám í sumarbústaðnum með tilheyrandi lóð og mannvirkjum.

Fógeti lýsti yfir, að hann gerði fjárnám, að geymdum betri rétti þriðja manns, í sumarbústað Magnúsar Danielssonar ásamt tilheyrandi lóð og mannvirkjum á lóðinni til tryggingar greiðslu á dómskuld kr. 3000.00, auk 6% ársvaxta frá 22. ágúst 1951 til greiðsludags, kr. 650.00 í málskostnað og alls kostnaðar og brýndi fyrir umboðsmanni gerðarþola, að ekki mætti ráðstafa hinni fjárnumdu eign á nokkurn þann hátt, er færi í bága við gerð þessa að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Nauðungaruppboð í uppboðsrétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 22. sept. 1952.

Ár 1952, mánudaginn 22. sept., kl. 3 e. h., var uppboðsréttur Gullbringu- og Kjósarsýslu settur við sumarhús Magnúsar Danielssonar við Hafravatn í Mosfellshreppi og haldinn af fulltrúa sýslumanns, Kristni Ólafssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir tekið samkvæmt kröfu Áka Jakobssonar hdl. að selja á opinberu uppboði sumarhús Magnúsar Danielssonar við Hafravatn ásamt landi og mannvirkjum til lúkingar dómskuld kr. 3000.00, auk vaxta og alls kostnaðar. — — —

Uppboðsbeiðandi, Áki Jakobsson hdl., er sjálfur mættur og leggur fram nr. 6, kröfu, þar sem hann gengur inn í uppboð með 1500 kr. kröfuupphæð auk vaxta og kostnaðar vegna Hans Rödtang, nr. 7 útskrift af fjárnámsgerð, er fram fór 18. sept. s. l. Krefst með skírskotun til framlagðra skjala, að uppboðið fari fram.

Því næst fór uppboðið fram þannig, að Hans Rödtang bauð kr. 5000.00 og var slegin eignin á því verði.

Önnur boð voru ekki gerð. — — —

Föstudaginn 4. desember 1953.

Nr. 124/1951. **Helgi Einarsson** (Egill Sigurgeirsson)

gegn

Áætlunarbílum Mosfellssveitar h/f

(Sigurgeir Sigurjónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Krafa um laun samkvæmt kjarasamningi stéttarfélaga.

Skaðabætur vegna ólögðætrar uppsagnar.

Ágreiningsatkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. ágúst 1951. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 10382.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júní 1950 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostn-